

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 7. apríl 2021
UST202103-477/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030 og deiliskipulagi Garðahverfis - Forkynning

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030 og deiliskipulagi Garðahverfis í Garðabæ.

Í greinargerð kemur fram að markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að stuðla að viðhaldi búsetulandslags og uppbyggingu í anda verndarsjónamiða. Auk þess kemur fram að skipulagsákvæði landnotkunarreita á Garðaholti eru yfirfarin og skerpt á hlutverki rammahluta aðalskipulags í skipulagi framtíðarbyggðar á svæðinu. Einnig er svæði 1.89 OP Grænigarður stækkað til vesturs og gert ráð fyrir tengistíg að útivistarstíg niðri við ströndina.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi deiliskipulagstillöguna dags. 12. apríl 2012.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé metið í tillögunni hver áhrif hennar eru á svæða á náttúruminjaskrá og bendir stofnunin á mikilvægi þess að framkvæmdir á svæðinu raski ekki verndargildi náttúruminjanna.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur